

Skólahljómsveit Austurbæjar

Starfsáætlun skólaárið 2022-2023



Snorri Heimisson
Stjórnandi Skólahljómsveitar Austurbæjar
snorri.heimisson@rvkskolar.is

EFNISYFIRLIT

Inngangur	3
Stjórnendaskipti.....	3
Áætlað umfang starfsins næstkomandi skólaár	3
<i>Nemendafjöldi</i>	<i>3</i>
<i>Dreifing milli hverfa í Austurhluta Reykjavíkur</i>	<i>4</i>
<i>Dreifing nemenda eftir Hljóðfærum.....</i>	<i>5</i>
<i>Kynjahlutfall.....</i>	<i>5</i>
<i>Kennarar og stjórnendur.....</i>	<i>6</i>
aðstaða – til kennslu og hljómsveitaæfinga	6
<i>Aukinn kostnaður vegna aðstöðuleysis</i>	<i>7</i>
<i>Mótun húsnæðisstefnu</i>	<i>7</i>
Kennsluhættir	7
<i>Hljómsveitaæfingar</i>	<i>7</i>
<i>Hljóðfærakennsla.....</i>	<i>8</i>
<i>Tónfræði.....</i>	<i>8</i>
<i>Foreldrasamstarf</i>	<i>8</i>
<i>Foreldraviðtöl.....</i>	<i>9</i>
helstu viðburðir	9
<i>Áætlaðir viðburðir 2022-2023.....</i>	<i>9</i>
<i>Æfingabúðir</i>	<i>9</i>
<i>Tónleikahald og spilamennskur</i>	<i>9</i>
<i>Utanlandsferðir.....</i>	<i>10</i>
Innra starf	10
<i>Biðlisti</i>	<i>10</i>
<i>skóladagatal</i>	<i>10</i>

<i>Samstarf eða þróunarverkefni.....</i>	<i>10</i>
<i>Áherslur í starfsáætlun sfs sem skólahljómsveitin vinnur að</i>	<i>11</i>
<i>mat á námsárangri</i>	<i>11</i>
<i>endurmenntun</i>	<i>11</i>
Lokaorð	12
<i>Skóladagatal 2022-2023</i>	<i>12</i>

INNGANGUR

Skrifstofa Skóla- og frístundaráðs óskar eftir starfsáætlunum skólahljómsveita í Reykjavík fyrir skólaárið 2022-2023. Tilgangur starfsáætlunar er að gera þróun starfsins markvisst með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf skólahljómsveitarinnar hefur gengið á skólaárinu og hvernig verði unnið að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

STJÓRNENDASKIPTI


Nýr stjórnandi var ráðinn frá hausti 2022. Björg Brjánsdóttir sagði stöðunni lausri frá og með 1. janúar 2022. Snorri Heimisson leysti hana af fram til hausts en hann tók sér frí frá því að stjórna Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts. Snorri var ráðinn sem stjórnandi Skólahljómsveitar Austurbæjar frá og með 1. ágúst 2022. Hann skrifar þessa starfsáætlun.

ÁÆTLAÐ UMFANG STARFSINS NÆSTKOMANDI SKÓLAÁR

NEMENDAFJÖLDI

Heildarfjöldi nemenda hjá Skólahljómsveit Austurbæjar eru 153 frá hausti 2022. Af þeim eru 14 nemendur sem stunda nám í menntaskóla eða í öðrum tónlistarskóla og eru því ekki í einkanámi hjá okkur, heldur taka bara þátt í hljómsveitastarfinu. Nemendur sem fá kennslu á sitt hljóðfæri eru 139 talsins. Þeir koma úr 9 skólum í austurhluta Reykjavíkurborgar. Sjö nemendur koma úr öðrum skólum borgarinnar. Þar má nefna Waldorfskólann, Alþjóðaskólann, Landakotsskóla o.fl. Einnig stundar einn nemandi sem kominn er í framhaldsskóla hálftr nám hjá hljómsveitinni. Skólahljómsveitin hefur verið í samstarfi við Tónskóla Sigursveins og Tónmenntaskólann í Reykjavík um árabíl. Nemendur frá þeim fá að spila með í hljómsveitunum. Í vetur eru nemendur sem ekki stunda nám hjá okkur en spila með okkur 14 talsins. Þeir eru ekki með í tölum hér að neðan.


Nemendur dreifast niður á skóla eins og myndin sýnir:



DREIFING MILLI HVERFA Í AUSTURHLUTA REYKJAVÍKUR

Nemendur dreifast niður á póstnúmer á eftirfarandi hátt:

Póstnúmer 104: 43 nemendur
Póstnúmer 105: 64 nemendur
Póstnúmer 108: 27 nemendur
Önnur hverfi í RVK: 5 nemendur




DREIFING NEMENDA EFTIR HLJÓÐFÆRUM

Skólahljómsveit Austurbæjar kennir á öll tré- og málmblásturshljóðfæri, slagverk og rafbassa. Hljóðfærin dreifast eins og myndin sýnir:



KYNJAHLUTFALL

Haustið 2022 stunda 58 drengir, 81 stúlkur og 1 kynsegin nám við hljómsveitina.



KENNARAR OG STJÓRNENDUR

Kennarar Skólahljómsveitar Austurbæjar eru 12 auk stjórnanda. Stjórnandi er með aðstöðu í Laugalækjarskóla en allar samæfingar hljómsveitanna fara fram í matsal Laugalækjarskóla. Kennt er í níu skólum í hverfinu.

Aðalstjórnandi stjórnar A- og C-sveitum hljómsveitarinnar, en aðstoðarstjórnandi stjórnar B-sveitinni. Stjórnandi sér um allt sem kemur að stjórnun hljómsveitanna svo sem verkefnaval, skipulag æfingabúða og æfingadaga, tilfallandi spilamennskur og annað.

AÐSTAÐA – TIL KENNSLU OG HLJÓMSVEITAÆFINGA

Aðstaðan í skólunum er mjög misjöfn, í einstaka skólum er hún til fyrirmyndar en á öðrum stöðum óásættanleg og væri óskandi ef það yrði ráðin bót á þeim málum í allra nánustu framtíð. Skólahljómsveit Austurbæjar missti nýlega heimastöð hljómsveitarinnar sem var í Laugarnesskóla vegna plássleysis. Stjórnendur í Laugalækjarskóla voru svo almennilegir að skjóta skjólhúsi yfir hljómsveitina. Hæsta hlutfall nemenda skólahljómsveitarinnar kemur úr Laugarnesskóla (45 nemendur). Þegar hljómsveitinni var úthýst úr skólanum var okkur lofað umbótum á aðstöðu okkar þar. Fyrirhugað er að reisa millivegg í opnu rými sem hljómsveitin hefur til sinna afnota og gera kennslustofu þar. Einnig er fyrirhugað að útbúa glugga í sama rými. Það væri mjög æskilegt að þessar framkvæmdir færu af stað sem fyrst. Í janúar 2022 var tekið í notkun útihús á skólalóð Laugalækjarskóla. Þar er skrifstofa stjórnanda og skrifstofa aðstoðarstjórnanda sem nýtist einnig til kennslu. Að auki er rúmgott herbergi með flygli sem nýtist til kennslu og er tilvalið til prófa og fundarhalds.

Aðstaða til hljómsveitaæfinga er í matsal skólans sem er ekki kjörin aðstaða til hljómsveitaæfingar. Hljóðvist er ekki nægilega góð og aðstaðan býður ekki upp á standandi æfingaaðstöðu sem felur í sér mikla aukavinnu.

Hljómsveitinni áskotnaðist einnig aðstaða í Langholtsskóla, en þar er búið að koma fyrir þremur gámum á skólalóðinni sem Skólahljómsveitin nýtir til kennslu. Í gámunum er rafmagn og internet, en ekkert rennandi vatn og þar að leiðandi engin salernisaðstaða. Þetta er auðvitað ekki boðlegt til lengri tíma og er það von mín að þetta sé aðeins til bráðabirgða í stuttan tíma meðan verið er að leita að framtíðarlausn.

Þegar starfsemi skólahljómsveita hófst í Reykjavík fyrir rösri hálfri öld var gert ráð fyrir að þeim nýttist almennt húsnæði skólanna fyrir starf sitt. Ekkert skólahúsnæði í Reykjavík er þó hannað með þetta fyrir augum. Hljóðvist á hljómsveitaræfingum er oftast óviðunandi bæði fyrir stjórnendur og börnin sem við vinnum með. Mælingar sýna að hljóðstyrkur á æfingum fer langt yfir ráðleg mörk. Í kennslurýmum er hljóðvist oft mjög slæm og veldur oft óþægindum hjá starfsmönnum. Kennarar kvarta undan

höfuðverk og suði í eyrum. Það er löngu orðið tímabært að fá sérfræðing til þess að mæla hljóðstyrk í allri kennsluáðstöðu skólahljómsveita í Reykjavík.

AUKINN KOSTNAÐUR VEGNA AÐSTÖÐULEYSIS

Þegar skólahljómsveit er ekki með standandi aðstöðu fer mikill tími í að undirbúa hverja æfingu og ganga frá eftir hverja æfingu. Það þarf að kaupa utanaðkomandi aðstoð til þess að stilla öllu upp og ganga frá. Þegar 40-50 börn mæta á æfingu þarf að vera búið að setja upp jafnmörg nótnastatíf og stóla. Auk þess þarf að undirbúa slagverk fyrir 5-7 slagverksleikara. Við höfum verið að nýta okkur nemendur okkar sem komnir eru í framhaldsskóla og greiðum þeim fyrir að koma og aðstoða okkur við uppsetningu og frágang.

Endurnýjun á búnaði er óeðlilega mikil hjá okkur þar sem búnaður – nótnastatíf og slagverk, fer illa við það að vera á stöðugum þeytingi í stað þess að fá að standa. Viðvera stjórnanda er óeðlilega mikil þar sem hann kemur fyrstur og fer síðastur út úr húsi. Hann getur aldrei farið fyrr en búið er að ganga frá öllu. Þetta skapar aukakostnað þar sem stjórnandi ætti að fá greidda yfirvinnu fyrir þessa viðveru.

MÓTUN HÚSNÆÐISSTEFNU


Ég kalla eftir því að mótun húsnæðisstefnu skólahljómsveita fari í gang á þessu ári. Aðstaða skólahljómsveita í Reykjavík er afar misjöfn. Vel hefur þótt takast til í Grafarvogi og oft horfa aðrir stjórnendur þangað. Í nágrannasveitafélögum allt í kringum okkur er aðstaða fyrir Skólahljómsveitir talsvert betri en í Reykjavík. Þar má nefna að í Kópavogi var byggt yfir skólahljómsveit Kópavogs veglegt hús með æfingasal, sjö rúmgóðum kennslustofum, skrifstofum, vinnuáðstöðu kennara og tilheyrandi geymslum fyrir hljóðfæri og búninga.

KENNSLUHÆTTIR

HLJÓMSVEITAÆFINGAR

Hjá Skólahljómsveit Austurbæjar eru 3 hljómsveitir A-, B-, og C-sveit. Í A-sveitinni eru að jafnaði nemdur úr 2-5. bekk, í B-sveit eru að jafnaði nemendur úr 5.-7. bekk. Til þess að komast inn í C-sveit er æskilegt að nemendur hafi þreytt samræmt grunnpróf á vegum prófanefndar tónlistarkólanna og að þau séu komin í 8. bekk.

Hver sveit æfir tvisvar sinnum í viku. A-sveitin æfir tvisvar sinnum 50 mínútur tvo daga vikunnar, B-sveitin tvisvar sinnum 60 mínútur tvo daga vikunnar á meðan C-sveitin æfir einu sinni 60 mínútur og einu sinni 90 mínútur.



Skólahljómsveit Austurbæjar

ÆFINGATÍMAR 2021-2022

A sveit

mánudagar kl. 16:00-16:50

fimmtudagar kl. 16:30-17:20

B sveit

þriðjudagar kl. 16:00-17:00

fimmtudagar kl. 15:30-16:30

C sveit

mánudagar kl. 17:00-18:30

fimmtudagar kl. 17:30-18:30

HLJÓÐFÆRAKENNSLA

Í Skólahljómsveit Austurbæjar fá nemendur 50 mínútur í einkakennslu á viku meðan þeir eru í A-sveit, en nemendur í B- og C-sveit fá 60 mínútur. Nemendur eru venjulega í A-sveit fyrstu tvö árin. Í einkakennslu er kennt skv. námskrá tónlistarskóla og taka nemendur ýmist árspróf á vorin eða áfangapróf á vegum prófanefndar tónlistarskólanna. Nemendur taka venjulega grunnpróf á vegum prófanefndar í lok 7. bekkjar og færast upp í C-sveit þegar þeir hefja nám í 8. bekk.

Kennsluhættir á hljómsveitaæfingum eru bæði hefðbundnir og óhefðbundnir.

Nemendur spila eftir nótum en einnig er unnið með söng og klapp. Í æfingabúðum er markmiðið að vinna einnig á skapandi hátt þar sem tíminn í æfingabúðum leyfir meira svigrúm.

TÓNFRÆÐI

Skólahljómsveit Austurbæjar hóf kennslu í tónfræði haustið 2021. Tónfræðin fer allvel af stað. Hugmyndin er að nemendur hafi lokið grunnnámi í tónfræði áður en þeir koma í C-sveit. Frá hausti 2021 var farið af stað með hraðferð í tónfræði. Í áfanganum eru nemendur í 7. Bekk. Þau luku grunnnámi 1 fyrir áramót og taka grunnnám 2 eftir áramót. Að loknu grunnnámi 2 þreyta þau grunnpróf í tónfræði. Hugmyndin er að fjórir áfangar verði kenndir í tónfræði, grunnnám 1, grunnnám 2, miðnám 1 og miðnám 2. Nemendur úr 6. bekk eru venjulega í grunnnámi 1 og nemendur úr 7. bekk í grunnnámi 2. Þetta gerir það að verkum að allir nemendur geti tekið fullgilt grunnpróf á hljóðfærið sitt skv. námskrá tónlistarskólanna. Í haust var áfanganum miðnám 1 bætt við.

FORELDRASAMSTARF

Í Skólahljómsveit Austurbæjar hefur verið rekið mjög öflugt foreldrafélag sem gengur undir nafninu FORSA. Vilborg Jónsdóttir fyrrverandi stjórnandi sveitarinnar kom því á

Starfsáætlun Skólahljómsveitar Austurbæjar 2022-2023

laggirnar og það hefur lifað mjög góðu lífi. Öflugt foreldrafélag er ómissandi og mjög veigamikill þáttur í starfinu. Hlutverk foreldrafélagsins er m.a. að hjálpa til við að fjármagna félagslega hluta starfsins og tónleikaferðir innanlands sem utan. Það gera þau með kaffisölu á haust- og vortónleikum, bingóum og með því að halda utan um sölu sem hver og einn nemandi getur verið með og safnað þannig pening. Foreldrafélagið hefur nýlega fest kaup á útibúninga, Carhartt anúrakka sem eru geymdir í töskum í aðstöðu hljómsveitarinnar.

FORELDRAVIÐTÖL

Öflugt samstarf við foreldra er gríðarlega mikilvægt í tónlistarkennslu. Foreldraviðtöl eru haldin einu sinni á önn. Á haustönninni hafa verið haldin einkaviðtöl þar sem foreldrar eru boðaðir í viðtöl við hljóðfærakennarann með sínu barni. Á vorönninni er haldin foreldravika þar sem foreldrar eru hvattir til þess að koma í heimsókn í tíma með barni sínu. Foreldrar eru ávallt velkomnir á æfingar og í einkatíma. Tónlistarnám er sjálfsnám og því mikilvægt að nemendur æfi sig heima á hljóðfærið. Þegar kemur að heimaæfingum er hvatning foreldra afar mikilvæg.

HELSTU VIÐBURÐIR

ÁÆTLAÐIR VIÐBURÐIR 2022-2023

Skólahljómsveitin hélt glæsilega hausttónleika í Langholtskirkju laugardaginn 12. nóvember síðastliðinn. A-, og C-sveitir munu taka þátt í „Óskalögum í blásarabúningi“ sem haldin verða í Norðurljósasal Hörpu laugardaginn 19. nóvember næstkomandi. C-sveitin er í samvinnuverkefni með Sinfóníuhljómsveit Íslands sem inniheldur ferna jólatónleika með Sinfóníuhljómsveit Íslands sem haldnir verða í Eldborgarsal Hörpu 17. og 18. desember næstkomandi. Vortónleikar hljómsveitarinnar eru áætlaðir 25. mars 2023. Hljómsveitirnar spila að venju á uppskeruhátíð skólahljómsveita Reykjavíkurborgar sem haldin er ár hvert í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.

ÆFINGABÚÐIR

Æfingabúðir eru venjulega mikið tilhlökkunarefni hjá nemendum hljómsveitarinnar. Þá er farið út á land og gist í eina til tvær nætur oft í heimavistaskólum úti á landi. Við höfum notast við aðstöður í Þykkvabæ, Laugalandi í Holtum, Hlíðardalsskóla, grunnskólanum í Þorlákshöfn og Varmalandi í Borgarfirði. Allar sveitir A-, B- og C-sveit fara í æfingabúðir einu sinni á vetri. (sjá meðfylgjandi skólalagatal).

TÓNLEIKAHALD OG SPILAMENNSKUR

Tónleikahald og sýnileiki Skólahljómsveitar Austurbæjar er mjög mikill. Í lok hverrar annar eru haldnir stórir tónleikar þar sem allar hljómsveitir koma fram. Haust- og vortónleikar hafa verið haldnir í Laugarneskirkju. Auk vor- og hausttónleika koma hljómsveitirnar oft fram við hin ýmsu tækifæri. Hljómsveitin hefur frá upphafi tekið þátt í „Óskalögum þjóðarinnar“ sem haldin er að hausti ár hvert í Hörpu á vegum SÍSL. Auk þess tekur hljómsveitin að sér að spila á vorhátíðum skólanna í hverfinu, á leikskólahátíðum og fleiri viðburðum í hverfinu. Hljómsveitin sendir venjulega atriði á Nótuna sem haldin er að vori og er uppskeruhátíð tónlistarskóla á öllu landinu. Það hefur myndast hefð fyrir því að setja saman litla hópa úr hljómsveitinni sem koma fram í kirkjum í hverfinu í kringum jólin og á vorhátíðum. Hljómsveitin hefur einnig verið í samstarfi við Laugardalslaug og Kaffi Laugalæk þar sem hljómsveitin hefur komið fram endrum og sinnum. Að auki spila allir nemendur á tónfundi a.m.k einu sinni á önn. Þar spila nemendur einir á sitt hljóðfæri oftast við undirleik kennara síns.

UTANLANDSFERÐIR

Elsta sveit Skólahljómsveitarinnar reynir að fara í heimsókn út fyrir landsteinana annað hvert ár. Síðasta ferð var farin til Króatíu árið 2019. Nú stendur til að fara á tónlistarhátíð í Calella á Spáni í júní 2023. Nú þegar hafa 41 barn greitt staðfestingagjald fyrir ferðina. Börnin safna sér venjulega fyrir ferðinni með sölu á ýmsum varningi sem foreldrafélagið skipuleggur. Auk þess nýta þau ágóða úr spilamennskum til þess að styrkja slíkar ferðir.

INNRA STARF

BIÐLISTI

Það eru um 30 börn á biðlista eftir plássi hjá Skólahljómsveit Austurbæjar. Sá listi samanstendur af börnum úr öllum skólum hverfisins. Óskandi væri að öll börn sem vildu læra á hljóðfæri kæmust að. Námið er aðgengilegt, ódýrt og mjög félagslega uppbyggjandi þar sem félagsfærniþátturinn í starfi skólahljómsveita er mjög mikill.

SKÓLADAGATAL

Skólahljómsveitin starfar í 35 vikur á ári. Starfið hefst í lok ágúst og lýkur í lok maí. Starfsdagar eru 8 á skólaárinu. Þrír áður en kennsla hefst og fimm eftir kennslu. Sjá skóladagatal 2022-2023 aftast í þessari skýrslu.

SAMSTARF EÐA ÞRÓUNARVERKEFNI

Skólahljómsveitin hefur verið í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands skólaárið 2021-2023. Fyrirhugað er að Skólahljómveit Austurbæjar taki þátt í jólatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands 17. og 18. Desember næstkomandi. Að auki munu nokkrir meðlimir taka þátt í tónleikum með Sinfóníuhljómsveitinni í maí 2023.

ÁHERSLUR Í STARFSÁÆTLUN SFS SEM SKÓLAHLJÓMSVEITIN VINNUR AÐ

Áhersla verður áfram á að tilboð skólahljómsveitarinnar standi öllum til boða. Lögð er áhersla á að kynna tilboðið vel með skólaheimsóknum. Allir eru velkomnir og allir geta verið í náminu á sínum forsendum. Hlutverk skólahljómsveitarinnar er að veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tónlistarmenntun í samvinnu við grunnskóla og frístundastarf, fjölskyldur og nærsamfélag.

Skólahljómsveit Austurbæjar leggur sig fram við að vera framsækin, sýnileg, lifandi og nýjungagjörn stofnun sem laðar að sér mjög hæfa starfsmenn og nýja nemendur.

MAT Á NÁMSÁRANGRI

Allir nemendur þreyta próf á vorin. Venjan er að nemendur taki svokölluð þrepapróf sem eru próf innan skólans skv. námskrá sem skólahljómsveitir Reykjavíkur hafa unnið sameiginlega að undanfarin ár. Eftir nám í 3-4 ár tekur nemandi grunnpróf skv. námskrá tónlistarskólanna. Þá kemur dómari frá prófanefnd tónlistarskólanna og dæmir prófin. Það lítur út fyrir að hátt í 20 slík próf verði þreytt nú í vetur. Nemendur skólahljómsveitarinnar hafa komið mjög vel út á áfangaprófum.

ENDURMENNTUN

Stefna skólahljómsveitarinnar er að stuðla að stöðugri endurmenntun starfsmanna sinna. Á starfsdögum að hausti er haldinn sameiginlegur starfsdagur kennara skólahljómsveita Reykjavíkurborgar sem stjórnendur hljómsveitanna skipuleggja. Þar er venjan að bjóða upp á námskeið í tölvunotkun, spuna, kennslu barna með sérþarfir, skyndihjálp og annað gagnlegt. Í febrúar 2020 fóru kennarar og stjórnendur skólahljómsveita í Reykjavík í endurmenntunarferð til Barcelona. Sótt var um Erasmus styrk sem greiddi stóran hluta ferðarinnar en eftirstöðvar fengu kennarar greiddan úr sínum endurmenntunarsjóð hjá viðkomandi stéttarfélagi. Þar sóttum við heim Joan Chamorro sem leiðir San Andrea jazz band. Starf hans hefur hlotið fjöldann allan af viðurkenningum fyrir metnaðarfullt starf fyrir ungmenni. Heimsóknin heppnaðist afar vel og kennarar snéru til baka uppfyllir af nýjum hugmyndum og fróðleik. Stjórnendur skólahljómsveita í Reykjavík eru nýkomnir úr heimsókn til Kalamata í Grikklandi. Þar var sóttur heim Maria Callas tónlistarskólinn og konservatoríið í Kalamata. Heimsóknin var

undirbúningsheimsókn þar sem verið er að skipuleggja endurmenntunarferð allra kennara skólahljómsveita í Reykjavík sem farin verður 19.-16. febrúar 2023.

LOKAORÐ

Það er heiður að starfa sem stjórnandi skólahljómsveitar í Reykjavík. Starfið hefur þróast á mjög jákvæðan hátt undanfarin ár. Kvóti hefur aukist jafnt á undanförunum árum og er nú 130 klst. á viku. Aðstaða í húsnæði borgarinnar hefur lagast en á þó langt í land til þess að verða fullnægjandi. Skólahljómsveitir Reykjavíkurborgar hafa verið starfandi í rúma hálfa öld án þess að nokkur tíma hafi verið gert ráð fyrir þeim. Ég tel löngu vera kominn tími á að reisa þar til gert húsnæði í hverfum borgarinnar utanum skólahljómsveitir.

Hljómsveitirnar fjórar vinna mikið saman og stjórnendurnir fjórir sækja reglulega aðstoð til hvers annars. Þeir deila nótum og lána hljóðfæri sín á milli ef þörf er á. Kennarar hljómsveitanna hittast reglulega á starfsdögum og jólahlaðborðum. Þeir eru búnir að stofna hópa þar sem farið er í heitu pottana, út og að borða og fleira skemmtilegt sem þjappar hópnum saman.

Það er einstakt að geta haldið uppi svo öfluglu lúðrasveitastarfi í ekki stærri borg en Reykjavík. Það eru ca. 520 börn að læra að spila á blásturshljóðfæri hjá Reykjavíkurborg sem öll spila í sinni lúðrasveit. Það þarf ekki að fara langt út fyrir landsteinana til þess að sjá hnignun á sambærilegu starfi í nágrannalöndum okkar. Þetta gerist hins vegar ekki að sjálfu sér. Stjórnendur og kennarar sem starfa hjá skólahljómsveitum eru eldhugar sem lifa fyrir sitt starf. Það þarf að passa að hlúa áfram að starfinu svo það haldi áfram að dafna. Sú hugmynd að nemendur komi saman úr mörgum skólum og spili á hljóðfæri saman er afar falleg. Þetta gerir það að verkum að barn sem er undir í sínum skóla finnur ekki fyrir einelti í skólahljómsveit því þar eru allir að vinna að sameiginlegu markmiði, að skapa tónlist.

SKÓLADAGATAL 2022-2023

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Skóladagatal 2022 - 2023

Nafn skóla: Skólahljómsveit Austurbæjar

AUGÚST			SEPTEMBER			OKTÓBER			NOVEMBER			DESEMBER			JANUAR			FEBRUAR			MARS			APRIL			MAÍ			JÚNÍ		
1	M	Frídagur veitarmanna	1	F		1	L		1	P		1	F	Friðisdagurinn	1	S	Viðisdagur	1	M		1	M		1	L		1	M	Viðisdagurinn	1	F	Hljófdagurinn-SD
2	P		2	F		2	S		2	M		2	F		2	M		2	F		2	F		2	S	Þrúsmennsdagur	2	P		2	F	
3	M		3	L		3	M		3	F		3	L		3	P	Kennsla heilt	3	F		3	F	Kennarfundur 5	3	M		3	M		3	L	
4	F		4	S		4	P		4	F		4	S		4	M		4	L		4	L		4	P		4	F		4	S	Spennisdagurinn
5	F		5	M		5	M		5	L		5	M		5	F		5	S		5	S	Kennarfundur 7	5	M		5	F		5	M	
6	L		6	P		6	F		6	S		6	P		6	F		6	M		6	M		6	F	Þriðdagur	6	L		6	P	
7	S		7	M		7	M		7	M		7	M		7	L		7	P	Dagur einkislausanna	7	P		7	F	Þriðdagurinn heilt	7	S		7	M	Skólastími gæmskula
8	M		8	F	ST4	8	L	Landnám SÍL - C-veit	8	P		8	F		8	S		8	M	Þriðdagurinn heilt	8	M		8	L		8	M	Þrúsmennsdagur	8	F	
9	P		9	F	ST5	9	S	Landnám SÍL - C-veit	9	M		9	F		9	M		9	F		9	F		9	S	Þriðdagurinn heilt	9	P	Þrúsmennsdagur	9	P	
10	M		10	L		10	M		10	F		10	L		10	P		10	F		10	F	Þriðdagurinn heilt	10	M	Áskjalag 8-veit	10	M	Áskjalag 8-veit	10	L	
11	F		11	S		11	P	Þriðdagurinn heilt	11	F	Kennarfundur 3	11	S		11	M		11	L		11	L	Þriðdagurinn heilt	11	P		11	F	Þrúsmennsdagur	11	S	
12	F		12	M	Alskunardagurinn	12	M	Þriðdagurinn heilt	12	L	Háskólinn-SD 1	12	M		12	F		12	S		12	S		12	M		12	F	Þrúsmennsdagur	12	M	
13	L		13	P		13	F		13	S		13	P	Þriðdagurinn heilt	13	F	Kennarfundur 4	13	M		13	M		13	F		13	L		13	P	
14	S		14	M		14	F	Þriðdagurinn heilt	14	M		14	M		14	L		14	P		14	P	Kennarfundur 6	14	S		14	M		14	M	
15	M		15	F		15	L		15	P	Þriðdagurinn heilt	15	F		15	S		15	M		15	M		15	L		15	M		15	F	
16	P		16	F	Dagur Menntafræðna	16	S		16	M	Þriðdagurinn heilt	16	F		16	M		16	F		16	F		16	P		16	P		16	F	
17	M		17	L		17	M		17	L		17	P	Þriðdagurinn heilt	17	P		17	F	Þriðdagurinn heilt	17	F		17	M	Þriðdagurinn heilt	17	M		17	L	Þriðdagurinn heilt
18	F		18	S		18	P		18	F	Þriðdagurinn heilt	18	S		18	M		18	L	Þriðdagurinn heilt	18	L	Þriðdagurinn heilt	18	P		18	F	Þrúsmennsdagur	18	S	
19	F	Kennarfundur ST 1	19	M		19	M		19	L	Þriðdagurinn heilt	19	M		19	F		19	S	Þriðdagurinn heilt	19	S		19	M		19	F		19	M	
20	L		20	P		20	F		20	S		20	P		20	F		20	M	Þriðdagurinn heilt	20	M		20	L		20	P		20	P	
21	S		21	M		21	F	Þriðdagurinn heilt	21	M		21	M		21	L		21	P	Þriðdagurinn heilt	21	P	Þriðdagurinn heilt	21	S		21	M		21	M	
22	M	ST 2 Skólastími gæmskula	22	F		22	L	Þriðdagurinn heilt	22	P		22	F		22	S		22	M	Þriðdagurinn heilt	22	M		22	L		22	M		22	F	
23	P	ST3	23	F		23	S		23	M		23	F	Þriðdagurinn heilt	23	M		23	F	Þriðdagurinn heilt	23	F		23	P		23	P		23	F	
24	M	Kennsla heilt	24	L		24	M	Þriðdagurinn heilt	24	F		24	L	Þriðdagurinn heilt	24	P		24	F	Þriðdagurinn heilt	24	F		24	M	Þriðdagurinn heilt	24	M		24	L	
25	F		25	S		25	P	Þriðdagurinn heilt	25	F		25	S		25	M		25	L		25	L	Þriðdagurinn heilt	25	P		25	F		25	S	
26	F		26	M		26	M	Þriðdagurinn heilt	26	L		26	M	Þriðdagurinn heilt	26	F		26	S		26	S		26	F	Skólastími gæmskula	26	F	Skólastími gæmskula	26	M	
27	L		27	P		27	F	Þriðdagurinn heilt	27	S		27	P		27	F		27	M	Þriðdagurinn heilt	27	M		27	L		27	P		27	P	
28	S		28	M		28	F		28	M		28	M		28	L		28	P	Þriðdagurinn heilt	28	P		28	S		28	S	Þriðdagurinn heilt	28	M	
29	M		29	F		29	L		29	P		29	F		29	S		29	M		29	M		29	L		29	M	Áskjalag 8-veit	29	F	
30	P		30	F	Kennarfundur 2	30	S		30	M		30	F		30	M		30	P	Þriðdagurinn heilt	30	P		30	S		30	P		30	F	
31	M	Upphafsdagurinn	31	M		31	M		31	L	Þriðdagurinn heilt	31	L		31	P		31	F	Þriðdagurinn heilt	31	F		31	M		31	M	ST3			

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 175 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.
Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru þrír og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum.
Starfsdagur kennara utan starfstíma nemenda eru 8.